



05. tbl. • Maí 2004

## Lettar á réttri leið

Í Lettlandi búa 2,3 milljónir manna og stærstur hluti þeirra býr í höfuðborginni Riga eða næsta nágrenni. Hagvöxtur hefur verið umtalsverður undanfarin ár, eða 6 - 7% en verðbólga lág, 2 - 2,5%.

Atvinnuleysi er hins vegar talsvert eða 12-14%. Erlend fjárfesting er mikil í landinu og er þá ekki síst sóst eftir því samkeppnisforski sem Lettland býður og felst í menntuðu vinnuafl, lágum launum og þar

með lágum framleiðslukostnaði miðað við það sem almennt gerist í Vestur-Evrópu. Smátt og smátt mun draga úr þessu forskoti en viðmælendur voru ekki sammála um hve langur tími líður þar til launa- og kostnaðarstig verður orðið svipað og að meðaltali innan ESB. Þeir bjartsýnustu töldu það taka 3 - 5 ár en þeir svartsýnustu töldu það taka allt að 30 árum.

*Framhald á bls. 6 og 7*

### Meðal efnis:

#### Ritstjórnargrein

*Enn eitt misheppnað frumvarp um olúgjald*

*bls. 3*



#### Menntamál

*Þrjár skólar heiðraðir fyrir góðan árangur í stærðfræði*

*bls. 5*



*Vor í Riga*



# Enn eitt misheppnað frumvarp um olúgjald

Enn einu sinni er komið fram frumvarp um olúgjald og kílómetragjald. Þessi skattheimta hefur verið til umfjöllunar á Alþingi árum saman og gengið á ýmsu án þess að niðurstaða hafi fengist. Innan vébanda Samtaka iðnaðarins og annarra samtaka atvinnurekenda er fjöldi verktaka, flutningafyrirtækja, þjónustufyrirtækja og framleiðenda sem reka hundruð bifreiða sem þungaskattur og olúgjald tekur til. Þeir eru einhuga um að frumvarpið í nýrri mynd sé enn sem fyrr alvarlega gallað.

## Skattur á skatt ofan

Ástæðan fyrir andstöðu samtakanna við þetta frumvarp er einföld. Með samþykkt þess er alls ekki horfið frá gjaldi á ekna kílómetra um leið og tekið er upp gjald á hvern lítra gas- og díslólíu eins og víða hefur verið gert. Þvert á móti er ætlunin að



*„Tilmæli okkar til stjórnvalda eru einföld: ef setja á upp tvöfalt kerfi skattlagningar er miklu betra að skattleggja eldsneyti á minni bifreiðarnar, eins og lengi hefur verið gert við bensínið, en skattleggja þyngri bifreiðarnar í hlutfalli við þyngd og akstursvegalengd.“*

halda áfram að leggja gjald á flestar bifreiðar 10 tonn og þyngri, þó að undanskildum bifreiðum til fólksflutninga sem eiga að vera undanþegnar kílómetragjaldi.

## Skattahækkunarir sem um munar

Útreikningar sýna að í langflestum tilvikum er um að ræða verulega aukna skattheimtu af bifreiðum yfir þessum 10 tonna þyngdarmörkum. Algeng niðurstaða úr samanburði á skattlagningu fyrir og eftir þessa breytingu er hækkun á bilinu 20-40% en dæmi eru um mun meiri hækkun. Örfá dæmi eru um óbreytta eða nærrí óbreytta skattlagningu léttari bifreiða og langflutningabifreiða sem ekið er margfalt meira en almennt tíðkast. Nokkrar tegundir þyngri bifreiða: kranabílar, snjóplógar, steypubílar og slökkvibílar eiga að vera undanþegnar olúgjaldi. Á heildina litið er þó án vafa um verulega aukna skattheimtu að ræða.

## Auðvelt að gera díselfólksbifreiðar hagkvæmari án þess að ráðast á atvinnutækin

Samtökin skilja og virða þann vilja

stjórnvalda að gera rekstur smærri díselbifreiða hagkvæmari en nú er. Þau eru á hinn bóginn algerlega andvíg þeirri stefnu að taka upp tvöfalda gjaldtöku á flestar bifreiðar með leyfilega heildarþyngd yfir 10 tonn og stórauka skattheimtu á þær. Í því sambandi má minna á að um sl. áramót var kílómetragjaldið hækkað um 8%.

## Tillaga samtaka atvinnurekenda

Í sameiginlegri umsögn flestra stærstu samtaka atvinnurekenda hefur verið lagt til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að núverandi þungakattskerfi verði óbreytt fyrir bifreiðar 10 tonn og þyngri. Þessar bifreiðar myndu þá falla undir ákvæði 4. gr. og nota litaða gjaldfrjálsa olíu. Léttari ökutæki en 10 tonn myndu hins vegar nota ólitaða olíu og greiða olúgjald.

Með þeim hætti má ná því yfirlýsta markmiði að gera rekstur léttari díselbifreiða hagkvæmari en jafnframt að ríkissjóður fái áfram sömu tekjur af þungaskatti þyngri bifreiða. Frumvarpið gerir hvort er ráð fyrir að til sölu verði tvenns konar olía: lituð gjaldfrjáls olía og ólituð olía með gjaldi. Fyrir vinnuvélar, húshitun, landbúnað o. fl. verður notuð lituð olía. Samtökin leggja til að þyngri atvinnubifreiðar falli undir sama flokk en greiði kílómetragjald eins og verið hefur.

## Afleitt frumvarp

Fyrir eigendur stærri atvinnubifreiða og neytendur er þetta frumvarp afleitt. Það eykur og flækir skattheimtu og hækkar flutningskostnað. Því er lagt til að bifreiðar þyngri en 10 tonn verði áfram í óbreyttu þungakattskerfi og noti litaða gjaldfrjálsa olíu en léttari bifreiðar noti ólitaða olíu en séu þá algerlega utan við þungakattskerfið.

Tilmæli okkar til stjórnvalda eru einföld: ef setja á upp tvöfalt kerfi skattlagningar er miklu betra að skattleggja eldsneyti á minni bifreiðarnar, eins og lengi hefur verið gert við bensínið, en skattleggja þyngri bifreiðarnar í hlutfalli við þyngd og akstursvegalengd.

Um slíka breytingu yrði viðtæk sátt.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
5. töl. Maí 2004  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 17.05.2004  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plaströkkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðin að geta heimildar í slíkum tilvikum.

# Á íslenskt handverk fram tíðina fyrir sér erlendis?

Undanfarin þrjú ár hefur ungur, skoskur hönnuður og handverksmaður að nafni Tómas Hawson átt samstarf við nokkra íslenska handverksmenn um að kynna á erlendum markaði íslenskt handverk, byggt á langri þjóðlegri hefð, með útflutning fyrir augum.

Tómas nam verkfræði við Edinborgarháskóla en að því loknu sneri hann sér að handverki og lauk BA prófi í hönnun og handverki. Í haust ver hann doktorsritgerð sína um handverk og verður þá fyrstur til að öðlast doktorsnafnbót í þeim fræðum í Bretlandi.

## Leitar fyrirmynda frá víkingatíma

Að verkfræðiprófi loknu fannst Tómasi sem verkfræðin fullnægði ekki sköpunarþörf hans. Hann taldi að eina leiðin til þess væri að sameina sköpunargáfuna og tæknipækkinguna með handverki og kaus að vinna með viðinn. Áhugi hans beindist að handverki sem á rætur að rekja til víkingatímans. Tómas lærði að smíða víkingaskip í Skotlandi en leitaði því næst í smíðju sérfræðinga í Víkingasafninu í Hróarskeldu til að afla sér enn frekari fróðleiks um skip frá víkingatíma. Í framhaldi af því var hann fenginn til að hanna og smíða stól sem byggðist á þeirri



Borðstofustólar í víkingastíl

tækni. Á ráðstefnu forseta þjóðþinga, sem haldin var í Reykjavík árið 2000, færði forseti skoska þingsins sem er hið yngsta í heimi, Alþingi Íslendinga, sem er hið elsta, stólinn að gjöf frá skoska þinginu.

## Gott samstarf við íslenskt handverksfólk

Tómas kom hingað til lands í fyrsta sinn í byrjun árs 2001 og komst þá komst í samband við ýmsa Íslendinga sem lýstu áhuga sínum á verkefni sem snýst m.a. um að kynna norrænt handverk erlendis, eins og áður er vikið að. Það felst einnig í að varðveita gamla íslenska hefð og huga að möguleikum á að flytja út íslenskt handverk.

Tómas hefur að undanförunu fengið við að hanna og smíða frumgerð (prototype) að borðstofustól úr bandarískri eik og áli, framleiddu hér á landi og tilheyrandi 8 manna borðstofuborð.

Hönnunin er undir áhrifum af bogalínnum víkingaskipa. Þess má geta að stólsetan verður klædd ullarflóka, samkvæmt aðferð sem færeysk ullarlistarkona, Ása Hatún, kenndi honum en hann segist einnig hafa kynnst þeirri aðferð og ýmsu öðru um íslensku ullina á verkstæði Þingborgarkvænna í Hraungerðishreppi.

## Áhersla lögð á innlent hráefni

Tómas telur mikilvægt að nýta það hráefni sem nærtækt er hér á landi, s.s. ullina og

álið en eikin er að sjálfsögðu innflutt. Við smíði stólsins hefur hann átt samstarf við íslenska handverksmenn, s.s. Fjölmi B. Hlynsson á Miðhúsum á Héraði, Grétar Mar Þorvaldsson í Málmsteyppunni Hellu og Geir Oddgeirsson í Trésmiðjunni Grein. Þá hefur Þórhildur Þorgeirsdóttir, gullsmiður, einnig komið við sögu og Tómas segist hafa lært sitthvað af þessu fólk.

Á ágúst verður opnuð sýning í Reykjavík hjá Handverki og hönnun á verkum Tómasar en þau verða einnig sýnd í Færeyjum, Danmörku og Skotlandi.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Tómas við smíðar



Í smíðju Fjölmis



# Breytingar á matarskatti

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru gefin fyrirheit um endurskoðun á virðisaukaskatti og oftár en einu sinni hafa ráðherrar rætt um að fyrirhugað sé að lækka svokallaðan matarskatt. Þar mun átt við núverandi 14% virðisaukaskatt á matvæli.

Samtök iðnaðarins hafa lengi beitt sér fyrir afnámi vörugjalda af matvælum og því að hafa öll matvæli í sama þrepi virðisaukattsins. Þau hafa nú fengið til liðs við sig öflug samtök þeirra sem fást við innflutning, dreifingu og sölu matvæla. Það eru Samtök atvinnulífsins, SVÞ-Samtök verslunar- og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar og Félag íslenskra stórkaupmanna.

Samtökin stóðu sameiginlega að birtingu heilsíðuauglýsingar í Morgunblaðinu sunnudaginn 18. apríl og héldu blaðamannafund daginn eftir. Þar sátu fyrir svörum þeir Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA, Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVÞ og Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri FÍS.

Það er sameiginleg skoðun samtakanna fimm að lækkun matarskatta sé fagnaðarefni. Óhófleg skattlagning sé ein helsta skýringin á háu matarverði. Þau benda á leið í þessum efnem sem þau telja skyn-



## Áskorun til ríkisstjórnarinnar

VIÐSAMANFARIR EYRISKILAR JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, FORMANNTALSI SAMTAKA IÐNAÐARINS, SVÞ-SAMTAKA VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTU, SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR OG FÉLAGS ÍSLENSKRA STÓRKAUPEMNA.

VIÐSAMANFARIR EYRISKILAR JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, FORMANNTALSI SAMTAKA IÐNAÐARINS, SVÞ-SAMTAKA VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTU, SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR OG FÉLAGS ÍSLENSKRA STÓRKAUPEMNA.

VIÐSAMANFARIR EYRISKILAR JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, FORMANNTALSI SAMTAKA IÐNAÐARINS, SVÞ-SAMTAKA VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTU, SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR OG FÉLAGS ÍSLENSKRA STÓRKAUPEMNA.

VIÐSAMANFARIR EYRISKILAR JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, FORMANNTALSI SAMTAKA IÐNAÐARINS, SVÞ-SAMTAKA VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTU, SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR OG FÉLAGS ÍSLENSKRA STÓRKAUPEMNA.

VIÐSAMANFARIR EYRISKILAR JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, FORMANNTALSI SAMTAKA IÐNAÐARINS, SVÞ-SAMTAKA VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTU, SAMTAKA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR OG FÉLAGS ÍSLENSKRA STÓRKAUPEMNA.

Samtök iðnaðarins  
Samtök verslunar- og þjónustu  
Samtök ferðaþjónustunnar  
Félag íslenskra stórkaupmanna



samlega. Hún felst í því að afnema tilburði til neyslustýringar, leggja af tvöfalt kerfi neysluskatta með afnámi vörugjalda og loks að hafa alla matvöru í sama þrepi. Kostir þessarar leiðar eru ótvíræðir. Með henni er skattkerfið einfaldað svo um munar og leiðir það til betri skattframkvæmdar og skattskila. Verð matarkörfu heimilanna lækkar talsvert og má reikna með að þessi aðferð skili sér betur til þeirra sem lægri hafa tekjurnar en það að lækka eingöngu lægra þrep virðisaukattsins.

Jón Steindór Valdimarsson

## Járnsteypan flutt úr Ánanaustum í Garðabæ

Um áramótin var gamla Járnsteypan, sem er ein af framleiðslueiningum Héðins hf., flutt frá hinum gömlu höfuðstöðvum Héðins í Reykjavík, í húsakynni fyrirtækisins í Garðabænum. Þar með er öll starfsemi Héðins komin undir eitt þak. Járnsteypan var stofnuð árið 1905 og á því aðeins eitt ár í aldarafmælið.

Guðmundur Sveinsson, framkvæmdastjóri Héðins, segir að þeim Héðinsmönnum sé afskaplega annst í þessa gömlu járnsteypu sem m.a. hafi þjónað mörgum listamönnum sem fá



Járnsteypan á nýjum stað í húsnæði Héðins að Stórásí 6 í Garðabæ

þar verk sín steypt í mál. „Það eru forréttindi okkar sem vinnum í þessu umhverfi að fá að starfa með listamönnum og Járnsteypan nýtur þess að steypa fyrir „elítuna“ í hópi viðurkenndra listamanna.“

Meginhlutverk Járnsteypannar er þó að smíða hvers kyns járnhluti sem m.a. eru notaðir í gatnakerfi Reykjavíkur og víðar, s.s. brunnristar, brunnlök og niðurfallsristar. Ennfremur framleiðir Járnsteypan gamalkunna bekki sem hefur verið fundinn staður víða í borginni og er ætlað að hvíla lúin bein vegfarenda.

Þóra Kristín Jónsdóttir

# Þrjár skólar heiðraðir fyrir góðan árangur í stærðfræði

Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar hefur undanfarin ár veitt viðurkenningu þeim skólum sem hafa sýnt framúrskarandi árangur í stærðfræði á samræmdum prófum. Tilgangurinn er sá að hvetja ungt fólk til að leggja sig fram í raungreinanámi og bregða ljósi á gott starf sem víða er unnið í skólum landsins á sviði raungreinakennslu. Þetta vorið hlutu eftirtaldir skólar viðurkenningu: Landakotsskóli, Grunnskólinn á Hellu og Hlíðaskóli.

## Landakotsskóli

Landakotsskóli hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn í stærðfræði á samræmdum prófum 10. bekkjar vorið 2003. Viðurkenningin nemur 300.000 kr. og er skólanum frjálst að verja fjárhæðinni til að byggja upp raungreinakennslu með þeim hætti sem hann kys.

Landakotsskóli er einn af elstu starfandi grunnskólum landsins. Hann var stofnaður árið 1896. Landakotsskóli er einkaskóli í eigu Kapólsku kirkjunnar á Íslandi en rekinn sem sjálfstæð stofnun. Landakotsskóli er einsetinn og heildstæður grunnskóli með 180 nemendum.

Sr. Hjalti Þorkelsson, skólastjóri, tók við viðurkenningunni úr hendi Bjarna Bessasonar, prófessors, formanns Hagsmunafélagsins.

## Grunnskólinn á Hellu

Grunnskólinn á Hellu hlaut viðurkenningu fyrir mestu hækkun meðaleinkunnar í stærðfræði á samræmdum prófum frá 7. til 10. bekkjar. Skólinn hlaut 200.000 kr.

viðurkenningu sem honum er frjálst að ráðstafa að eigin vild til raungreinakennslu.

Grunnskólinn á Hellu er að stærstum hluta í nýlegu húsnæði. Í skólanum eru alls 10 bekkjardeildir, þ.e. ein bekkjardeild í árgangi.

Sigurgeir Guðmundsson, skólastjóri, tók við viðurkenningunni úr hendi Bjarna Bessasonar, prófessors, formanns Hagsmunafélagsins.

## Hlíðaskóli

Hlíðaskóli er þriðji skólinn sem hlýtur viðurkenningu Hagsmunafélagsins þetta vorið. Hagsmunafélagið heiðraði Hlíðaskóla fyrir framúrskarandi árangur nemenda 10. bekkjar í samræmdum prófum í stærðfræði sl. þrjú ár. Skólinn náði hæstu meðaleinkunn í stærðfræði á samræmdum prófum 10. bekkjar árin 2001-2003. Skólinn hlaut 200.000 kr. viðurkenningu sem honum er frjálst að ráðstafa að eigin vild til raungreinakennslu.

Hlíðaskóli við Hamrahlíð er heildstæður grunnskóli. Þar stunda á sjötta hundrað nemenda nám í 27 bekkjardeildum.

Kristrún Guðmundsdóttir, skólastjóri, tók við viðurkenningunni úr hendi Bjarna Bessasonar, prófessors, formanns Hagsmunafélagsins. Um er að ræða viðurkenningarskjal og 200.000 krónur sem skólinn ráðstafar að eigin vild til að byggja upp kennslu í raungreinum.

## Viðurkenningin mikils metin

Skólastjórnir mátu viðurkenninguna



Sigurgeir Guðmundsson, skólastjóri Grunnskólans á Hellu, tekur við viðurkenningu úr hendi Bjarna Bessasonar

mikils og töldu verðlaunaféð koma að góðum notum. Landakotsskóli hyggst nýta féð til að þýða kennslufni í stærðfræði og Hlíðaskóli hyggst fjárfesta í kennslustækjum í raungreinum.

Eins og fyrr segir er tilgangur Hagsmunafélagsins með þessari viðurkenningu sá að hvetja ungt fólk til að leggja sig fram í raungreinanámi. Tilgangurinn er um leið sá að vekja athygli ungs fólks á mikilvægi stærðfræði í tengslum við frekara nám. Viðurkenning af þessu tagi stuðlar að því að Hagsmunafélagið nái m.a. því markmiði að laða fleira ungt fólk að námi í verk- og tæknifræði.

Að Hagsmunafélaginu standa Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Samtök iðnaðarins, Tækniháskóli Íslands, Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Ingi Bogi Bogason



Hlustað á formann Hagsmunafélagsins, frá athöfn í Landakotsskóla



Frá athöfn í Hlíðaskóla



# Lettar sóttir heim

framh. af forsíðu



Þórarinn Elmar Jensen kynnti starfsemi Fabrika 66North Baltic

**Stjórn Samtaka iðnaðarins var á ferð í Lettlandi fyrir skömmu. Tilgangur fararinnar var að kynna lettnesku atvinnu- og efnahagslífi, landnámi íslenskra fyrirtækja og væntingum Letta til aðildar að Evrópusambandinu.**

Jón Baldvin Hannibalsson, sendiherra, var með í för og gaf það ferðinni mjög aukið gildi. Greinilegt er að Lettum er í fersku minni þáttur Jóns Baldvins og Íslands í forgöngu um að sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna var viðurkennt.


Það vakti strax athygli ferðalanga að Riga er falleg og sérlega snyrtileg borg. Gamli bærinn hefur sinn sjarma en því

miður eru skelfileg dæmi um blokkarkumbalda frá Sovéttímanum í úthverfunum. Greinilegt er að mikil gerjun er í þjóðfélaginu og að gæðum er þar misskipt. Það mátti glögg sjá af óvenjumörgum glæsibíreiðum sem voru á ferð um götur Riga.

## Sterk staða kvenna

Það er eftirtektarvert hversu konur eru áberandi í framvarðarsveit fyrirtækja, samtaka og stjórnýslu. Sem dæmi má taka að forseti Lettlands er kona, sömuleiðis framkvæmdastjóri Verslunarráðsins og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins Reyndar eru aðeins þrjár konur af 18 ráðherrum í ríkisstjórn og á þjóðþinginu,

Saeima, eru 100 þingmenn, þar af 17 konur. Skýringin á framgangi kvenna í viðskiptalífni er ekki síst sú að þær eru að jafnaði betur menntaðar og kunna betri skil á erlendum tungumálum en karlarnir. Ástæðan er sú að karlarnir sinntu störfum í verkmiðjum og á ökrum en konur áttu síður kost á vinnu og gengu því menntavegin og enduðu oft í láglaunastörfum, s.s. sem læknar, verkfræðingar og kennarar. Við breytta þjóðfélagskipan hefur eftirspurn eftir menntuðu fólki hins vegar snaraukist og þá standa konur í Lettlandi vel að viðgi.



BYKO-LAT Ltd.

## Mikil hagvöxtur

Í Lettlandi búa 2,3 milljónir manna og er stærstur hlutinn í höfuðborginni Riga eða næsta nágrenni. Hagvöxtur hefur verið umtalsverður undanfarin ár, eða 6 - 7% en verðbólga lág, 2 - 2,5%. Atvinnuleysi er hins vegar talsvert eða 12-14%. Erlend fjárfesting er mikil í landinu og er þá ekki síst sóst eftir því samkeppnisforskoti sem Lettland býður og felst í menntuðu vinnuafli, lágum launum og þar með lágum framleiðslukostnaði miðað við það sem almennt gerist í Vestur-Evrópu. Smátt og smátt mun draga úr þessu forskoti en viðmælendur voru ekki sammála um hve langur tími líður þar til launa- og kostnaðarstig verður orðið svipað og að meðaltali innan ESB. Þeir bjartsýnustu töldu það taka 3 - 5 ár en þeir svartsýnustu töldu það taka allt að 30 árum.

Stjórnin heimsótti marga staði og átti samtöl og fundi við marga aðila. Þar má nefna framkvæmdastjóra lettneska Verslunarráðsins og framkvæmdastjóra lettneska Vinnuveitendasambandsins. Fyrirtæki voru heimsótt úr mismunandi greinum atvinnulífsins, þ.á.m. stærsti bjórframleiðandi Lettlands, Aldaris, eitt af stærri upplýsingatæknifyrirtækjum landsins, DATI, og loks verslunarkeðjan Rimi.

## Mörg tækifæri fyrir erlenda fjárfesta

Dansk Industri, hefur haft sendifulltrúa í Riga í þrjú ár til þess að kanna aðstæður og tækifæri fyrir danskan iðnað í Eystrasaltslöndunum. Á fundi með Heidi Elhert Jürgensen var gerð grein fyrir þessu starfi og kvað hún engan vafa leika á því að þarna væru mörg tækifæri. Í könnunum meðal danskra fyrirtækja í Lettlandi kemur fram að helstu vandamálin við að setja upp og reka fyrirtæki lúta að óstöðugleika í laga- og reglugerðarumhverfi, seinangangi í stjórnýslu, flóknu leyfikerfi og loks telja menn að innviðum (s.s. samgöngum og fjarskiptamálum) sé nokkuð ábótavant.



Heidi Elhert Jürgensen



Sigurður Bragi Guðmundsson segir frá Uniflex

### Nýtt þjóðríki frá grunni

Māris Gailis, fyrrverandi forsætisráðherra Lettlands, sat kvöldverðarboð með stjórninni, Jóni Baldvini og Bryndísi Schram. Þar flutti hann erindi um þróunina í Lettlandi. Gailis gegndi embætti frá 15. september 1994 - 21. desember 1995. Alls hafa 11 ríkisstjórnir setið frá því að sú fyrsta tók við völdum 7. maí 1990 og níu menn gegnt embætti forsætisráðherra. Meðal þess sem Gailis vakti athygli á var að nú er í rauninni búið að byggja upp nýtt þjóðríki frá grunni. Þegar Lettar öðluðust sjálfstæði og tóku málin í eigin hendur höfðu þeir ekkert til þess að byggja á. Ráðuneyti, stjórnýsly og stofnanir varð reisa frá grunni. Gailis sagði að þetta hefðu verið erfiðir en spennandi tímar, mörg mistök verið gerð en nú væri að komast stöðugleiki og festa í stjórnkerfið. Lettar væru búnir að ná tökum á því að reka sjálfir eigið sjálfstætt ríki.



Málin rædd í Jurmala

Þá færu enn spennandi uppbyggingartímar í hönd með aðild þeirra að ESB.

### Gott gengi íslenskra fyrirtækja

**Nordic Industrial Park** er fyrirtæki sem býður mjög fullkomna aðstöðu fyrir þá sem vilja hefja rekstur í Lettlandi. Hægt er að leigja verksmiðjuhúsnæði, skrifstofuaðstöðu og lagerhúsnæði og kaupa margvíslega þjónustu. Nordic Industrial Park er í bænum Olaine, sem er um 25 km suðaustur af Riga. Meðal fyrirtækja, sem hafa komið sér fyrir á þessum stað, er dótturfyrirtæki Haraldar Böðvarssonar, Baltic Seafood sem verkar fisk til sölu í Lettlandi, öðrum Evrópulöndum og Japan. Íslenskir fjárfestar hafa komið að uppbyggingu Nordic Industrial Park og er Gísli Reynisson einn helsti hvatamaðurinn.

**Uniflex** er í eigu Plastprents hf. og framleiðir og prentar á plastpoka líkt og Plastprent hér heima. Verksmiðjan er til húsa í höfuðborginni Riga og þar starfa um 150 starfsmenn. Staða fyrir-tækisins á markaði er mjög sterk í Lettlandi og einnig í Eistlandi og Litháen.

Sigurður Bragi Guðmundsson, stjórnarformaður Uniflex, fræddi gesti um fyrirtækið.

**Fabrika 66North Baltic** eða Sjóklæðagerðin hf. - 66°Norður er myndarlegt fyrirtæki í bænum Saldus. Í verksmiðjunni eru saumuð útvist-arföt og sjóklæði sem seld eru á íslenskum markaði en í sívaxandi mæli á erlendum mörkuðum. Auk verksmiðjunnar í Saldus rekur Sjóklæðagerðin tvær verslanir í höfuðborginni Riga, sína í hvorum verslun-arkjarnanum. Feðgarnir þórarinn Elmar Jensen og Markús Örn

þórarinsson sýndu verksmiðjuna og sögðu frá reynslu sinni af rekstri í Lettlandi. létu þeir vel af öllum aðstæðum en Markús veitir rekstrinum í Lettlandi forstöðu.

**Gutta** er drykkjarvöruframleiðandi í Ramava sem er nánast úthverfi frá Riga. Stærsti hluti framleiðslunnar er ávaxtasafi af ýmsum gerðum og vatn auk gosdrykkja. Þá má ekki gleyma maltöli þeirra heimamanna sem kallast Kvass og er vinsæll drykkur. Gutta er í eigu Íslendinga og fer fyrir þeim hópi Lýður Friðjónsson framkvæmdastjóri. Fyrirtækið hefur sterka markaðsstöðu í Eystrasaltsríkjunum. Í Lettlandi er markaðshlutdeildin rúm 45% í djúsum og söfum, 21% í Eistlandi og um 10% í Litháen.

**BYKO-LAT ltd.** er trjávöruframleiðandi með verksmiðju í héraðinu Valmiera og söluskrifstofu í Riga. BYKO-LAT er í eigu íslenska fyrirtækisins Norvíkur hf. sem á meðal annars BYKO og ELKO hér heima á Fróni. Í verksmiðjunni í Valmiera eru framleiddar margvíslegar vörur sem m.a. annars er hægt að kaupa í verslunum BYKO hér á landi. Til Íslands fara um 30% framleiðslunnar en aðrir mikilvægir markaðir eru Holland og Bretland, auk Lettlands.

Stjórnin hitti nokkra Íslendinga sem eru búsettir í Riga og þar bauð gesti velkomna Örn Héðinsson frá Íslendingafélaginu í Lettlandi, sem starfar hjá Baltic Coating sem Íslendingar reka. Þar var einnig Guðlaug Þórðardóttir, sem starfar hjá Fabrika 66North Baltic en hún var stjórninni innanhandar við að skipuleggja heimsóknina til Lettlands.

Ferðin var í alla staði hin fróðlegasta og má margt af henni læra.

Jón Steindór Valdimarsson

# Upplýsingar eru líka aðföng

**Ef upplýsingar frá viðskiptavininum komast ekki til þess sem á að framleiða eða þjóna eru ekki miklar líkur á að væntingum viðskiptavinarins verði fullnægt.**

Aðföng af ýmsu tagi eru nauðsynleg þegar framleiða á vöru eða veita þjónustu. Starfsfólk, vélar, tæki og tól, íhlutir og hráefni koma í huga þegar spurt er hvað þurfi til að framleiða vöru og þjónustu. Starfsfólk þarf góða aðstöðu, góðan aðbúnað og hafa þekkingu á því sem það á að gera. Vélar þurfa umhirðu, varahluti og ýmsar tengingar til og frá til að gegna hlutverki sínu. Íhlutir og hráefni þurfa rétta meðhöndlun, góðar umbúðir og vandaðan flutning til að komast óskemmd á áfangastað og koma að tilætluðum notum.

## Áreiðanleiki boðleiða

Þetta eru allt sýnilegir hlutir sem þykir sjálfsgagt að hafa í góðu lagi. Eitt vantar þó til að árangur verði viðunandi. Þótt við höfum framúrskarandi starfsfólk, fullkomnar vélar og úrvals hráefni þarf ekki að vænta árangurs ef áreiðanlegar upplýsingar eru ekki hluti af uppskriftinni. Við hverju má búast ef sá, sem tekur við pöntunum í síma á pizzustað, ætlar sér að leggja pöntun á minnið og segja kokkinum hvað pantað var og sendlinum hvert hann á að fara. Það er a.m.k. betra að ekki sé mikið að gera þegar okkur langar í pizzu. Líður okkur vel þegar þjónn tekur við matar- og vínþöntun hjá fimm gestum með ólíkar óskir án þess að setja staf á blað? Líður starfsmanninum vel sem tekur á móti vörum sem hann á að staðfesta að séu í lagi ef hann hefur ekki upplýsingar um hvað var pantað. Hvers má vænta þegar húsasmíðameistarinn ætlar að koma því munnlega til skila til sölumannsins í gluggasmíðjunni að við viljum hafa hamrað Chincilla glært gler í aðalhurðinni í stað þess sem getið var um í tilboðinu? Hvernig getum við verið viss um sá, sem tekur við pöntun í síma, heyri rétt, skrifi rétt niður eða skrifi yfirleitt nokkuð?

## Skýr og skráð skilaboð

Ef upplýsingar frá viðskiptavininum komast ekki til þess sem á að framleiða eða þjóna eru ekki miklar líkur á að



*„Við hverju má búast ef sá, sem tekur við pöntunum í síma á pizzustað, ætlar sér að leggja pöntun á minnið og segja kokkinum hvað pantað var og sendlinum hvert hann á að fara. Það er a.m.k. betra að ekki sé mikið að gera þegar okkur langar í pizzu. Líður okkur vel þegar þjónn tekur við matar- og vínþöntun hjá fimm gestum með ólíkar óskir án þess að setja staf á blað? ”*

væntingum viðskiptavinarins verði fullnægt. Oft heyrum við verktaka kvarta yfir erfiðum viðskiptavini. Hann sé með kröfur um hitt og þetta, telji að allt sé innifalið og

geri athugasemdir í tíma og ótíma. Þegar staðan er þessi ætti verktakinn að spyrja sig hvort hann hafi, áður en samningur var gerður, leitað nægilegra upplýsinga hjá væntanlegum viðskiptavini um hverjar væntingar hans væru og hvort hann sjálfur hafi veitt viðskiptavininum fullnægjandi upplýsingar um hvað felist í tilboðinu. Viðskiptavinurinn er sjaldnast sérfróður um það sem hann kaupir, hvort sem það er vara eða þjónusta. Það er því hlutverk fagmannsins að draga í smáatriðum fram í dagsljósið hverjar væntingar viðskiptavinarins eru en ekki síður að upplýsa hann um í hverju tilboðið er fólgið. Slíkar upplýsingar má ekki reyna að leggja á minnið. Oftast þurfa þær að komast til þriðja aðila, þ.e. þeirra starfsmanna sem framleiða og þjóna og þær þurfa að vera skráðar ef minni annars aðilans fer að bresta og ríffa þarf upp hvað um var talað.

## Verðlagning í samræmi við kröfur

Því nákvæmari upplýsinga um væntingar viðskiptavinarins sem er aflað áður en tilboð er gert því meiri líkur eru á að verðlagningin sé í samræmi við duttlunga og þarfir viðskiptavinarins. Það er hið besta mál að viðskiptavinurinn sé duttlungafullur og geri miklar kröfur ef þær koma fram áður en varan/þjónustan er verðlögð. Góð stjórnun byggist að mestu leyti á því að koma nauðsynlegum upplýsingum í réttar hendur þannig að viðkomandi starfsmaður eigi kost á að verða við óskum þess sem stjórnar, það er að framkvæma það sem um hefur verið samið, viðskiptavininum er þóknunlegt og hann greiðir fyrir. Undir liðnum Gæðastjórnun og rekstur á vefsetri SI, [www.si.is](http://www.si.is) geta félagsmenn Samtakanna fundið ýmsar upplýsingar og námskeið um stjórnun og fleira sem ætla má að geti komið að gagni. Þeir félagsmenn, sem fengið hafa aðgangsorð að læstum hluta vefsvæðis SI, geta skoðað bókina „Handbók til leiðbeininga við uppbyggingu gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir“ sem fjallar um helstu rekstrarþætti verktakafyrirtæka og hvernig tryggja má boðleiðir upplýsinga frá viðskiptavini til starfsmanns og til baka aftur.

Ferdinand Hansen



# Ráðuneyti sagt að byrja aftur

**Það er vel þekkt að lög um landflutninga og einkar stíf framkvæmd þeirra hefur gert stjórnendum ýmissa iðnfyrirtækja gramt í geð undanfarin misseri. Tilgangur þess að krefja mjólkurbú og jarðvinnuverktaka um sérstakt starfsleyfi til flutninga þótti frá upphafi óljós með öllu.**

Undanfarin misseri hafa Samtök iðnaðarins haldið á málum margra aðildarfyrirtækja vegna sekta og ákæra lögreglu. Má segja að þar hafi unnist fullnaðarsigur þegar Skóflan ehf. var sýknuð í héraðsdómi snemma á þessu ári en þeim dómi áfrýjaði ríkið ekki. Með þeirri niðurstöðu var flóði sektarmiða lögreglunnar veitt framhjá iðnfyrirtækjum, a.m.k. verða slíkar sektir ekki innheimtar lengur af hálfu

*„Í ljósi alls þessa sem hér hefur verið rakið telur ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur óhjákvæmilegt að kalla eftir því að fram fari af hálfu ráðuneytisins mat á umræddum reglum í samræmi við ákvæði 3.gr. laga nr. 27/1999. Í slíku mati er eðilegt að skilgreina þau markmið sem ætlunin er að ná með lagasetningunni, í ljósi þeirra undanþáguheimilda sem stjórnvöld hafa samkvæmt tilskipuninni og landfræðilegrar einangrunar íslensks vegaflutningamarkaðar, og leggja á móti mælistiku á þann kostnað sem hlýst af aukinni reglubyrði og eftirliti með henni fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Úr bréfi ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur til samgönguráðuneytisins.“*

sýslumanna svo að löglegt sé. Nú hefur annar sigur verið unninn – á hinum enda þessa skrifræðisskrímslis. Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur er nýtt ráðgefandi ráð vísra manna, stofnsett með lögum og ætlað að bæta vinnubrögð við skilgreiningu og framkvæmd opinbers eftirlits. Nefndin hefur lögskipað vald til að leggja fyrir ráðuneyti að byrja aftur ef svo má segja, þ.e. ef forsendur lagasetningar teljast hafa verið illa afmarkaðar og óljósar er lagt fyrir ráðuneyti að vinna þá vinnu á ný. Í lok apríl barst samgönguráðuneytinu slíkt bréf með tilmælum um að endurskoða löggin um landflutninga og reglugerðir byggðar á þeim. Er vandséð að Vegagerðinni sé stætt á öðru en að fella niður eftirlit með iðnfyrirtækjum að svo komnu máli.

*Kristrún Heimisdóttir*

**Að vera handlaginn er ekki nóg**

Taktu enga áhættu þegar um fasteign er að ræða  
- Tryggðu þér meistara og fagmenn  
þegar vanda skal til verks

**meist  
arinn  
is**

þar sem þú finnur fagmenn til verksins

Meistarinn.is

Flúsi  
 Húsasmíði  
 Málun  
 Múrun  
 Pípulagning  
 Dúklagning  
 Byggingavörur  
 Blökksmíði  
 Málmsmíði  
 Jarðvinna  
 Vinnuvélar  
 Garðyrkja  
 Hreinsun  
 Endurvinnsla  
 Innréttingar  
 fleira

# Samkeppni krefst réttra viðbragða

Aukið frjálsræði í viðskiptum undanfarin ár, tengt þátttöku Íslands í EES samningnum, hefur stórbætt aðgengi íslenskra fyrirtækja að mörkuðum Evrópuríkja og fyrirtækja þeirra að markaði okkar. Íslenskt efnahagslíf er orðið hluti af hinu alþjóðlega markaðskerfi.

Áhrifin hafa komið fram í meiri nýsköpun á sviði hátækni framleiðslu og samdrætti í hefðbundnum greinum. Um leið hefur erfið samkeppnisstaða vegna íslensku krónunnar skapað íslenskum fyrirtækjum á alþjóðamarkaði talsverðan vanda. Stjórnvöld hafa brugðist við þeim vanda með því að lækka tekjuskatt á fyrirtæki og heimila bókhald í erlendum myntum. Það hefur lagfært stöðuna að vissu marki, en samkeppnisvandinn er enn mikill.

## Erfið samkeppnisstaða

Undanfarna þrjú áratugi hefur raungengið verið það hátt að viðskiptahallinn hefur að meðaltali verið 3% af landsframleiðslunni og hrein erlend skuldastaða þjóðarinnar er komin yfir 100%. Ef skuldaförningur erlendis á ekki að verða til vandræða þarf þjóðarbúið fjölbreyttar og sterkar útflutningsgreinar til að greiða fyrir síaukinn innflutning á vöru og þjónustu. Útflutningur sjávarafurða sem hlutfall af útflutningstekjum þjóðarinnar hefur minnkað undanfarna áratugi og nam um 37% í fyrra. Vaxandi útflutningur stóriðju og annarra greina undanfarin ár hefur ekki dugað til að brúa bilið og mynda afgang í erlendum viðskiptum. Aukinn stóriðjuútflutningur á komandi árum mun minnka muninn en sennilega þarf meira til.

## Stækkun ESB eykur samkeppnisvandann

Tíu ríki, þar sem launin eru brot af launum okkar, gengu í ESB 1. maí 2004. Eins og myndin sýnir er launakostnaður í norðlægari ríkjum Evrópu mun hærri en sunnar eða austar í álfunni.<sup>1</sup> Því má búast við auknum þrýstingi á hefðbundin störf héraendis. Frjáls för vinnuafls og flæði vöru og þjónustu á EES



Þorsteinn Þorgeirsson

*„Framtíð fyrirtækja í hátekjulöndum mótast í auknum mæli af því hvort þau búa yfir mannauð sem getur beislað tækninýjungar til að framleiða og markaðsetja alþjóðlega vörur og þjónustu á arðbæran hátt“*

svæðinu veldur því. Það er staðreynd að hefðbundin starfsemi hefur verið að færa úr landi vegna þess að launakostnaður á Íslandi er margfalt hærri en í mörgum þessara nýju ESB ríkja og annars staðar í heiminum. Þar sem allir hagnast á aukinni alþjóðaverslun er ekki skynsamlegt að takmarka viðskiptafrelsi, eins og sumir vilja gera, til að koma í veg fyrir fyrirsjáanlega aðlögun. Viturlegur er að takast á við samkeppnisáskorunina með aðgerðum sem auka árangur starfsemi okkar á alþjóðamarkaði.



## Tækninýjungar krefjast menntunar og fjármagns

Fyrir hátekjuland eins og Ísland, þar sem raungengið er oftast hátt, er mikilvægt að bæta starfsskilyrði hátækni fyrirtækja sem keppa á alþjóðamarkaði þar sem þau eiga meiri möguleika á að skapa okkur atvinnu og gjaldgæstingur við aðstæður hágengis. Þótt mannauður héraendis sé með því besta sem gerist er þörf fyrir fleira starfsfólk með raungreina-, tækni- og viðskiptamenntun á komandi árum. Nýleg könnun SI hefur leitt þetta í ljós. Því þarf að auka framboð og aðgengi að slíkri menntun. Þá getum við gert margt betur á vísinda- og tæknisviði. Vísinda- og tæknigarður, þar sem menntasamfélagið og fyrirtækin starfa saman að nýsköpun, ásamt auknu framboði af áhættufjármagni, hefðu jákvæð áhrif á nýsköpun á þessu sviði. Opinberar fjárfestingar af þessu tagi eru líklegri til að skila landsmönnum bættum lífskjörum í framtíðinni en aukin samneysla.

## Reynsla annarra hátekjuþjóða vísar veginn

Framtíð fyrirtækja í hátekjulöndum mótast í auknum mæli af því hvort þau búa yfir mannauði sem getur beislað tækninýjungar til að framleiða og markaðssetja erlendis vörur og þjónustu á arðbæran hátt. Finnar, sem einnig búa yfir mjög vel menntuðum starfskröftum, nýttu sér þá sérstöðu að búa í strjálbýlu og viðfeðmu landi til að verða stórveldi á sviði farsíma-tækni. Við eigum að geta í auknum mæli

byggt á reynslu okkar t.d. af nýtingu auðlinda og orku-frekum iðnaði til að efla nýsköpun á sviðum eins og líftækni og orkuvísindum. Slíkar greinar virðast eiga góða möguleika. Írar hafa aukið hagvöxt sinn mikið undanfarna áratugi án þess að ráða yfir slíkum náttúru-auðlindum. Þeir hafa lagt ríka áherslu á að gera skipulagsbreytingar á hagkerfi sínu og taka fullan þátt í samrunaþróuninni í Evrópu til að vera í betri aðstöðu að flytja inn hálfunnar vörur og fullvinna þær til útflutnings.



Aukinn afgangur í erlendum viðskiptum og þjóðarsparnaður hafa bætt lífskjör þar mikið.

### Velgengni hátæknifyrirtækja

Mörg hátæknifyrirtæki — í framleiðslu lyfja, lækninga- og mælingatækja, hugbúnaðargerð og tölvuþjónustu fyrir alþjóðamarkað — hafa komið fram á sjónarsviðið á undanförunum árum. Þessi fyrirtæki hafa beislað nýja tækni og framleiðsluþekkingu með mannaði til að skapa aukin útflutningsverðmæti. Arðsemi þeirra og vel launuð störf hafa byggt á söluhæfum nýjungum og aukinni framleiðni.

### Áherslubreytingar í hefðbundinni starfsemi

Þrátt fyrir erfiða samkeppnisstöðu er alls ekki sjálfgefið að fyrirtæki, sem byggjast á störfum sem ekki krefjast mikillar menntunar, geti ekki brugðist við þessari þróun. Íslendingar vinna lengri vinnudag en flestar þjóðir Evrópu. Til að bæta lífskjörin er hægt að auka framleiðni með því að nýta vinnutímann betur. Það má gera með aukinni útsjónarsemi starfsmanna og með því að innleiða tækninýjungar í framleiðsluferlið en það krefst aukinnar menntunar. Vel menntaðir starfsmenn geta betur unnið með framleiðslutækni sem byggjast á tækninýjungum. Í kjölfarið eykst framleiðsla og sala á alþjóðamarkaði. Við það lækkar launakostnaður á framleidda einingu. Slík framleiðniaukning styrkir stöðir fyrirtækjareksturs og heldur störfum í landinu.

### Aukin framleiðni er lausnin

Reynsla erlendis sýnir að fyrirtæki hátekjuþjóða geta aukið framleiðni til að ná og viðhalda samkeppnisforskoti með því að leggja áherslu á fjárfestingar í tækninýjungum og menntun. Aukin sala á alþjóðamarkaði er lykillinn að þeirri velgengni. Geta fyrirtækja okkar til að öðlast hylli neytenda með vörum sínum og þjónustu á alþjóðamarkaði er forsenda þess að þjóðarbúið geti staðið undir miklum innflutningi og góðum lífskjörum. Þótt samkeppni geri miklar kröfur til fyrirtækja, starfsmanna og þjóðfélagsins um að viðhalda samkeppnisforskoti með aukinni framleiðni eru rétt viðbrögð nauðsynleg til að auka kaupmátt og bæta lífskjör fólksins í landinu.

*Þorsteinn Þorgeirsson*

<sup>1</sup> Það skekkir samanburðinn nokkuð að evran styrktist mikið gagnvart dollara árið 2003

# IST-30 á rafrænu formi

**Samtök iðnaðarins og Staðlaráð Íslands hafa gert með sér samkomulag um að þeir félagsmenn SI sem eru að innleiða gæðastjórnun með aðstoð Samtakanna geti keypt staðalinn IST-30 innbyggðan í gæðakerfið.**



Staðallinn IST-30 lýsir því samkomulagi sem markaðurinn hefur gert um góða stjórnun við verklegar framkvæmdir. Endurskoðun staðalsins er nýlukið þar sem ýmsar góðar breytingar voru gerðar verk-tökum til hagsbóta.

### Tenging við gæðakerfið

Þeim fyrirtækjum, sem nú þegar eiga beinagrindina af gæðakerfi SI og þau sem kaupa hana í framtíðinni, eiga kost á að kaupa staðalinn í þessu formi.

Starfsmenn SI hafa útfært rafræna framsetningu hans, brotið hann niður í kafla og tengt þá viðeigandi verklagsreglum í gæðakerfinu. Þar er hægt að skoða og tengjast viðkomandi kafla staðalsins með beinni tengingu og með sama hætti er hægt að tengjast verklagsreglum gæðakerfisins frá þeim köflum staðalsins þar sem það á við.

### Staðallinn eign Staðlaráðs

Þeir aðilar, sem óska eftir að fá staðalinn til slíkra afnota, þurfa að byrja á að gera skriflegan samning við Staðlaráð.

Til þess að setja staðalinn inn og tengja hann hjá hverjum og einum þarf aðstoð starfsmanns SI. Sú aðstoð er félagsmönnum að kostnaðarlausu gegn afriti af samningnum við Staðlaráð.

Verð staðalsins er frá 34.000 kr. með vsk. og fer síðan hækkandi í hlutfalli af stærð sérhvers fyrirtækis og hversu margir starfsmanna þess hafa aðgang að staðlinum í framtíðinni.

### Nánari kynning

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru fúsir að taka á móti eða heimsækja fyrirtæki bæði stór og smá til að kynna þessa frábæru nýjung.

Þeir eru einnig reiðubúnir til að heimsækja þau fyrirtæki sem standa utan við SI og kynna fyrir þeim gæðakerfið og annað sem félagsmönnum stendur til boða.

Sýnishorn af efnisyfirliti gæðakerfisins og tengingar þess við IST-30 og ISO 9001: 2000 má finna á vefsetri Samtakana [www.si.is](http://www.si.is)

*Eyjólfur Bjarnason  
Ferdinand Hansen*

**SI**  
Samtök iðnaðarins

## Nýir félagsmenn

*Stafna á milli ehf.*

*Mariubaugi 5*

*113 Reykjavík*

*Starfsemi: Byggingaverktaki*

*Orf Líftækni hf.*

*RALA-húsið Keldnaholti*

*112 Reykjavík*

*Starfsemi: Líftækni*

*Askil hf.*

*Skipholti 50c*

*105 Reykjavík*

*Starfsemi: Ráðgjafafyrirtæki*



(970)



(1876)



(1900)



(1946)



(1970)

[540104-0204]

(2004)

# Ný ræningjagríma

Frá upphafi vega hafa ræningjar notað grímur til að hylja andlit sitt þegar þeir hrísa til sín peninga. Tímarnir breytast og grímurnar með. Nú beita skúrkarnir nýrri aðferð til að hylja sitt rétta andlit. Þeir bregða upp nýrri kennitölu.

Fyrirtæki verða stundum gjaldþrota, reksturinn gengur ekki upp og eigendur geta ekki eða vilja ekki leggja meira fé í fyrirtækið. Sé framkvæmdavilljinn ekki þrotinn reyna menn að vinna sig upp að nýju, ávinna sér traust og alla viðskipta. Við þetta er ekkert að athuga enda óhjákvæmilegur fylgifiskur nýsköpunar og endurnýjunar í atvinnulífinu.

Því miður færast í vöxt að um leið og fyrirtæki verður gjaldþrota verði til nýtt fyrirtæki alveg eins og það gamla með sömu eigendum, starfsmönnum, húsnæði, tækjum og tólum. Hið eina nýja er kennitalan sem veitir nýtt líf og frelsi frá innheimtu skulda, t.d. vegna launa, skatta og vörukaupa.

Lánastofnanir eiga oft veð í öllum birgðum, tækjum og kröfum fyrirtækja og aðrir kröfuhafar fá því ekkert upp í sínar kröfur við gjaldþrot. Í skjóli þeirra bregða sumir upp nýrri kennitölu og halda rekstri sínum áfram eins og ekkert hafi í skorist.

*Nú er mál að linni.*

**SI**

Samtök iðnaðarins